

73. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 21. nóvember 2023, kl. 15:00 á fjarfundi.

**Mættir:** S. Guðrún Hauksdóttir formaður, Dóróþea Reimarsdóttir, Jón Kort Ólafsson, Rósa Jónsdóttir, Íris Hauksdóttir, Guðrún Þorvaldsdóttir fulltrúi kennara, Víkingur Ólfjörð Daníelsson fulltrúi nemenda, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

## Dagskrá

### 1. Skólanámskrá afgreidd að skólafundi loknum

Aðstoðarskólameistari fór yfir niðurstöður skólafundar sem haldinn var í september. Þar var ákveðið, í samráði við nemendaráð, að fjalla um félagslíf nemenda og aðstöðu í skólanum. Ýmsar hugmyndir og tillögur komu fram á fundinum og hafa þær verið kynntar og sumum hrint í framkvæmd.

### 2. Starfa- og fjárhagsáætlun

Fjármálastjóri mætti á fundinn og fór yfir ársáætlun skólans sem hefur verið skilað inn ásamt rekstrarstöðu þessa árs. Skólameistari lagði fram stefnumiðaða áætlun skólans 2024-2026 sem einnig hefur verið skilað inn til ráðuneytis.

### 3. Starfsmannamál, auglýsingar

Skólameistari upplýsti að engar breytingar væru á mannahaldi og engar nýjar ráðningar framundan.

### 4. Tengsl við félagslífið

Skólameistari sagði frá því að félagsstarf nemenda í dagskólanum hefur verið mjög virkt. Nú hafa nemendur skólans undir tvítugu aðgang að félagsmiðstöðinni Neon. Einnig eru nemendur úr skólanum virkir í Leikfélagi Fjallabyggðar og hafa tekið þátt í uppsetningu leiksýningar. Þá eru ýmsar uppákomur á döfinni sem íbúar geta tekið þátt í, t.d. haustsýningin sem verður sama dag og jólakvöldið og jólaföndur.

### 5. Önnur mál

#### *Samstarf við Grunnskóla Fjallabyggðar*

Skólameistari gerði grein fyrir samstarfi við Grunnskóla Fjallabyggðar. Beiðni hefur komið frá grunnskólanum um afnot af húsnæði fyrir 10. bekk næsta skólaár vegna þrengsla í GF. Ákveðið var að skólarnir sækja saman um þróunarstyrk til vinnu að fyrirkomulagi á skólaskilum og auknu samstarfi skólanna. Fulltrúar kennara og nemenda gerðu grein fyrir sjónarmiði þeirra gagnvart þessum hugmyndum og vinnu.

#### *Samnor-samstarfið*

Skólameistari fór yfir stöðuna í Samnor-samstarfinu. Breytingar hafa orðið í samstarfinu og hefur það legið niðri að mestu leyti. Ekki er ljóst hvað verður um samstarfið og í hvaða mynd það verður.

*Innritun á vorönn*

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir stöðunni í innritun fyrir vorönn sem hófst 1. nóvember. Alls hafa 226 nýir nemendur verið innritaðir og flestir áfangar eru fullir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:51.